



Íslandspóstur hf

Nefndarsvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 1722/215
komudagur 6.5.'98

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1005 um hlutafélög, með síðari breytingum.

Í 91. grein laga um hlutafélög er kveðið á um upplýsingaskyldu félagsstjórnar og framkvæmdastjóra um þau málefni, sem skipta máli við mat á ársreikningi og stöðu þess að öðru leyti eða áhrif geta haft á afstöðu hluthafa til mála, er ákvörðun á að taka um á hluthafafundum.

Í samræmi við lög nr. 103 frá 1996 fer Samgönguráðherra með eignaraðild ríkissjóðs að Íslandspósti hf.

Í sömu lögum er kveðið á um að ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995 skulu gilda um Íslandspóst hf. að undanskilinni 14. grein um innborgun hlutafjár, og 2.mgr. 3.gr um tölu stofnenda og loks 1.mgr. 20 gr sömu laga um tölu hluthafa.

Stjórn Íslandspósts hf, sem skipuð er af Samgönguráðherra starfar eftir lögum um hlutafélög nr. 2/1995.

Upplýsingastreymi frá stjórn til hluthafa um rekstrarleg málefni félagsins, stefnu og framtíðarsýn er með miklum ágætum og í raun má segja að vegna sérstöðu félagsins um fjölda hluthafa er upplýsingastreymi til hluthafa meira og tíðara en í almennum hlutafélögum, þar sem aðalfundir og árskýrsla er helsta upplýsingamiðlun til hluthafa.

Samgöngunefnd Alþingis hefur kallað forstjóra og stjórn til fundar við sig til að afla upplýsinga um einstök málefni er varðar fyrirtækið og starfsemi þess. Á þessum fundum hafa fulltrúar Íslandspósts lagt metnað sinn í að upplýsa nefndarmenn eins vel og kostur er um málefni sem tengjast rekstri og starfsemi fyrirtækisins. Það er og skoðun stjórnar og stjórnenda að upplýsingar er varða rekstur og starfsemi fyrirtækisins eigi að vera aðgengilegar svo fremi sem slíkt sé án tjóns fyrir félagið.

Stjórn Íslandspósts telur því að Alþingi hafi nú þegar ákveðna sérstöðu í upplýsingaöflun um hlutafélög í eigu ríkisins umfram hluthafa í almennum hlutafélögum og telur því ónaðsynlegt að bæta nýrri málsgrein við 91. grein hlutafjárlaga.

Reykjavík, 4.maí 1998

f.h. stjórnar Íslandspósts hf.

Jenný Stefanía Jensdóttir (sign)
stjórnarformaður

Björn Jósef Arnviðarson (sign)
ritari